



Fréttatilkynning
21 August 2026 15:34:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Útboð á sértryggðum skuldabréfum 24. ágúst

Íslandsbanki verður með útboð á sértryggðu skuldabréfaflokkunum ISB CBF 28 og ISB CBI 32 mánudaginn 24. ágúst 2026.

Útboð ISB CBF 28 verður með þeim hætti að öll skuldabréfin verða seld á sama verði eða hæsta samþykkt álagi ofan á 1 mánaða REIBOR.

Fyrirkomulag útboðs ISB CBI 32 verður með þeim hætti að öll samþykkt tilboð verða seld á hæstu samþykktu ávöxtunarkröfunni.

Bankinn áskilur sér rétt til að samþykkja eða hafna tilboðum að hluta til eða öllu leyti.

Áætlaður uppgjörsdagur viðskipta er 31. ágúst 2026.

Sértryggðu skuldabréfin hafa þegar verið gefin út undir útgáfuramma Íslandsbanka fyrir sértryggð skuldabréf. Grunnlýsingu ásamt viðaukum má finna á vefsíðu fjárfestatengsla: [Sértryggð skuldabréf grunnlýsing](#).

Verðbréfamíðlun Íslandsbanka hefur umsjón með útboðinu. Tilboðum skal skilað á tölvupóstfangið vbm@isb.is fyrir kl. 16:00 þann 24. ágúst 2026.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl, ir@islandsbanki.is

Fyrirspurnir frá fjölmiðlum, pr@islandsbanki.is

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Útboð á sértryggðum skuldabréfum 24. ágúst](#)